

1. Almennt

Arctic Sea Farm ehf., kt. 700807-0450, Sindragötu 10, 400 Ísafirði, er með 5.300 tonna rekstrarleyfi (FE-1127) til sjókvíaeldis á 5.300 tonna hámarkslífmassa af regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. Fyrirtækið sótti um rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á 8.000 tonna hámarkslífmassa af laxi og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi, þann 20. maí 2019. Rekstrarleyfi FE-1127 mun falla niður við gildistöku nýs rekstrarleyfis FE-1174.

Matvælaráðuneytið hefur birt burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Ísafjarðardjúps er metið 30.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar 12.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Djúpinu. Fyrir í Ísafjarðardjúpi er Hábrún með rekstrarleyfi fyrir 700 tonna hámarkslífmassa fyrir regnbogasilungi og þorski og Háafell fyrir 6.800 tonna hámarkslífmassa fyrir laxi, ófrjóum laxi og regnbogasilungi.

Arctic Sea Farm mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á þremur eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi, Sandeyri, Arnarnesi og Kirkjusundi.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn sem stofnunni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 5. júní til 5. júlí 2023 og bærust fimm athugasemdir vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Arctic Sea Farm lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 7. september 2020 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 28. janúar 2021.

Í samræmi við 6. gr. a og b er fyrirhuguð útgáfa rekstrarleyfis byggð á áhættumati erfðablöndunar sem staðfest var af matvælaráðherra, þann 3. mars 2022, og burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar (endurútféið í febrúar 2022). Með því að stunda sjókvíaeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í matsskýrslu framkvæmdaáðila var gerð grein fyrir valkostum. Fjallað var um Núllkost: eðliseiginleika sjávar, botndýralíf, villta stofna laxfiska, fisksjúkdóma og laxalús, erfðablöndun, landslag og ásynnd, hagræna og félagslega þætti, aðrar sjávarnytjar, ferðaþjónustu og útivist, náttúru og menningaminjar. Fjallað var um aðra framtíðarmöguleika: mismunandi staðsetningar sjókvíaeldis, umfang framleiðslu, aðrar tegundir laxfiska, aðrar eldisaðferðir, ófrjóan eldislax, lokaðar eldiskvíar, landeldi og úthafskvíar. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun hefur kynnt sé áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot Ísafjarðardjúps, sem barst 7. september sl. frá rekstraraðila. Stofnunin hefur farið yfir mat rekstraraðila á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotið og gerir ekki athugasemdir við matið. Stofnunin telur að áhrif starfseminnar séu ekki svo mikil á vatnshlotið að það muni fella það um flokk. Matvælastofnun bendir á að rekstraraðili þurfi að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í vöktunaráætlun rekstraraðila í starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

2.2 Ástand sjávar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að á eldissvæðum geti orðið neikvæð áhrif á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum, vegna úrgangs frá eldinu og að styrkur uppleystra næringarefna sjávar aukist á stærra svæði út frá eldiskvíum. Skipulagsstofnun telur enn fremur að með hvíld eldissvæða og tilfærslu eldiskvía frá einni eldislotu til annarrar sé líklegt að áhrifin verði afturkræf. Matvælastofnun telur að huga þurfi vel að staðbundinni ofauðgun sjávar og að huga þurfi vel að uppsöfnun úrgangsefna í djúpsjávarlagi í Ísafjarðardjúpi en með vöktun samkvæmt vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar sé áhættan takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við, m.a. með minnkaðri fóðrun eða hún stöðvuð tímabundið verði vart við uppsöfnun úrgangsefna. Áhrifin verði því tímabundin og afturkræf.

2.3 Lífrænt álag og botndýralíf

Skipulagsstofnun álitur, með hliðsjón af reynslu af fiskeldi hérlendis, að miklar breytingar verði á botndýralífi undir sjókvíum, sem færast þó líklega í svipað ástand á ný ef nægileg hvíld eða stöðvun verður á uppsöfnun lífræns úrgangs. Það er mat Skipulagsstofnunar að vöktun þurfi að leiða í ljós árangur þeirrar hvíldar. Matvælastofnun telur mikilvægt að eldissvæði séu hvíld milli eldislota samkvæmt starfsleyfi Umhverfisstofnunar ásamt því að tilhögun eldis verði stýrt af raunástandi botndýralífs.

2.4 Erfðablöndun við villta laxastofna

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að fyrirhugað eldi Arctic Sea Farm geti haft nokkuð eða talsvert neikvæð áhrif á villta laxastofna á Vestfjörðum. Hins vegar hafi áhættumat verið lögfest sem eitt af megin stjórnækjum hins opinbera fyrir laxeldi í sjó og því telur Skipulagsstofnun að leggja beri niðurstöður þess til grundvallar við ákvörðun á leyfilegu magni af frjóum eldislaxi í sjókvíum á hverjum tíma. Því telur Skipulagsstofnun að samlegðaráhrif eldis Arctic Sea Farm í Ísafjarðardjúpi og annars eldis á Vestfjörðum verði óveruleg á þær ár sem áhættumatið tekur tillit til en sé horft til allra laxastofna á Vestfjörðum telur Skipulagsstofnun að samlegðaráhrifin geti orðið talsvert eða verulega neikvæð ef viðbrögðum við slyssleppingum er ábótavant. Þegar litið er til samlegðaráhrifa þá er burðarþol á Vestfjörðum 82.500 tonn og áhættumat erfðablöndunar 64.500 tonn. Útgefin rekstrarleyfi í sjókvíum á Vestfjörðum er fyrir 62.200 tonna hámarkslífmassa, þar af 57.500 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi. Umsóknir liggja fyrir eldi á 10.000 tonna hámarkslífmassa af laxi á Vestfjörðum.

Skipulagsstofnun telur að við veitingu rekstrarleyfis þurfi að setja skilyrði er varða ljósastýringu, lágmarksstærð útsettra seiða verði 120g og að þyngd og stærð netmöska verði aðlöguð að stærð seiðanna svo ekki sé möguleiki á möskvasmugi. Jafnframt telur stofnunin að setja þurfi skilyrði í rekstrarleyfi varðandi fyrirkomulag vöktunar á eldisbúnaði með tilliti til hættu á slyssleppingum og viðbrögð rekstraraðila við stroki, að ástand netapoka verði kannað neðansjávar strax eftir ofsaverður og að rekstraraðili skili reglulega inn þeim gögnum sem Hafrannsóknastofnun þarf að fá frá fiskeldisfyrirtækjum til að bæta nákvæmni áhættumats erfðablöndunar. Matvælastofnun bendir á að skilyrði um notkun ljósastýringar, seiðastærð og möskvastærð kemur fram í rekstrarleyfi, þar með talið að ekki verði sett út léttari seiði en 120g. Rekstrarleyfishöfum er skylt að skila inn gæðahandbók fyrir útgáfu rekstrarleyfa sem er yfirfarin í reglubundnu eftirliti fiskeldisfyrirtækja. Samkvæmt viðauka III í reglugerð nr. 540/2020 skal þjálfar starfsmenn fiskeldis m.a. í vörnum og viðbrögðum gegn stroki. Jafnframt skal vera viðbragðsáætlun um strok og tjón á búnaði, auk viðbragðsáætlunar vegna fávíðris. Þar skal koma fram markmið, ábyrgð, framkvæmd, tíðni eftirlits, viðmiðanir, úrbætur og skráning.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis þó þannig að ávallt verði þess gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og að nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Í löggjöf um fiskeldi hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Markmið laganna er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og

framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögnum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og er sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi og til verndunar á villtum laxastofnum friðað tiltekin svæði og bannað eldi laxfiska í sjókvím sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsingu nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Ísafjarðardjúp.

2.5 Fisksjúkdómar og laxalús

Skipulagsstofnun tekur undir sjónarmið Matvælastofnunar og álitur að litlar líkur séu á að fyrirhugað eldi Arctic Sea Farm komi til með að bera bakteríu- eða veirusmit yfir í villta laxfiska. Áhrif framkvæmdarinnar á villta fiska með tilliti til sjúkdóma af völdum örvera séu því metin óveruleg í vistkerfi Ísafjarðardjúps. Matvælastofnun hefur bent á að áhætta af dreifingu sjúkdóma, annarra en laxalús, úr eldisfiski í villtan fisk sé hverfandi lítil, jafnvel þó fiskur sleppi. Mesta hættan við dreifingu sjúkdóma sé bundin við smitdreifingu með eldisbúnaði og flutningi á smituðum eldisfiski, en bendir jafnframt á að þar séu aðrir eldisfiskar í mestri hættu líkt og í öðrum hjarðbúskap þar sem mörgum einstaklingum er haldið á afmörkuðu svæði. Það er því brýnt að eldisstöðvar hafi yfir öflugum smitvörnum að ráða og innra eftirliti og forvörnum sé sinnt í takt við lögbundnar kröfur um fiskeldi.

Matvælastofnun byggir sína afstöðu á að áratuga reynsla hefur sýnt að smit af völdum baktería eða veira hafi ekki skaðað eða ógnað villtum laxfiskastofnum og að ekki sé óalgengt að dulið og náttúrulegt smit örvera sé til staðar í villtum stofnum án þess að sjúkdóms verði nokkurn tíma vart með klínískum einkennum. Þannig hafi þekktir og alvarlegir veirusjúkdómar, s.s. blóðþorri (ISA), brisdrep (IPN), brisveiki (PD), hjartarof (CMS), veirublæði (VHS), hjarta- og vöðvabólga (PRV/HSML) og iðradrep (IHN), ekki sést í klínískri mynd í náttúrulegu umhverfi, jafnvel þó að dulið veirusmit leynist í hjörðinni. Þó eru dæmi um að bakteríusýkingar hafi komið upp sem klínískur sjúkdómur og ollið tímabundnum búsjfjum í ám. Má af því tilefni vísa til kýlaveikinnar sem kom upp í Elliðaánum síðla sumars 1995. Þess má geta að kýlaveiki (af völdum *Aeromonas salmonicida* spp. *salmonicida*) hefur ekki komið upp í íslensku fiskeldi og þótti á sínum tíma ljóst að smit í Elliðaánnar hefði borist með villtum laxi frá fæðustöðvum í hafi. Slíkir atburðir eru einnig þekktir erlendis, en það sem er sameiginlegt með þessum tilfellum er að þau eru tímabundin og afturkræf. Matvælastofnun telur því að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk er hverfandi.

Þá nefnir Skipulagsstofnun að með hliðsjón af reynslu síðustu ára sé líklegt að laxalús og fiskilús eigi eftir að koma reglulega upp í eldi Arctic Sea Farm í Ísafjarðardjúpi. Umfang smits muni þó hverju sinni ráðast af umhverfisskilyrðum og virkni mótægisaðgerða. Skipulagsstofnun telur því líklegt að fyrirhugað eldi komi til með að auka laxalúsaálag á þá stofna laxfiska sem finna má í firðinum. Stofnunin telji því áhrif af völdum laxalúsar og fiskilúsar geti orðið nokkuð neikvæð á villta laxfiskastofna í firðinum í heild sinni og að líklegt sé að áhrifin verði breytileg frá ári til árs og velti á umfangi smits í eldiskvíum hverju sinni og sér í lagi að vori og snemmsumars. Þá telur Skipulagsstofnun að notkun lúsalyfja geti haft neikvæð áhrif á rækjustofna og telur að ef ítrekað þurfi að notast við lyf sé hætt á að áhrif á rækjustofna í Ísafjarðardjúpi verði talsverð, sérstaklega með tilliti til samlegðaráhrifa með öðru eldi í Djúpinu.

Það er mat Matvælastofnunar að áhrif laxalúsasmits úr sjókvíaelði á villta laxfiska sé árstíðabundið. Helst er hætt á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori en dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Lúsalyf geta haft neikvæð áhrif á vistkerfi í nærumhverfi eldiskvía. Eins sýnir reynsla nágrannalanda að laxalús getur myndað ónæmi gegn lyfjum. Þess vegna er notkun lyfja í baráttunni gegn lús úrræði sem ekki skal beita nema í algerru neyð. Því hefur Matvælastofnun hvatt fyrirtæki til þess að leita leiða til að ná tökum á lúsaálaginu með öðrum aðferðum en lyfjameðhöndlun. Á heimasíðu Matvælastofnunar hefur verið sett upp Mælaborð fiskeldis og hefur þar almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

2.6 Rækju- og bolfiskveiðar og kalkpörunganám

Að mati Skipulagsstofnunar geta sjókvíar og rammafestingar takmarkað aðgengi að veiðisvæðum að einhverju leyti í Ísafjarðardjúpi en þó séu fyrirhuguð eldissvæði að mestu utan helstu veiðisvæða í Djúpinu. Að auki eru eldissvæði stærri að flatarmáli en þær eldispyrpingar sem verða í notkun hverju sinni og því er mögulegt að stunda veiðar innan eldissvæðanna svo lengi sem fjarlægð frá jaðri sjókvíaeldisstöðvar sé a.m.k. 150 m. Skipulagsstofnun telur áhrif framkvæmdar á fiskveiðar vera nokkurri óvissu háð enda ekki ljóst hvaða áhrif það hefur á heildarafla þeirra sem stunda veiðar í fjörðunum að afmarkaðir hlutar Djúpsins verði lokaðir fyrir veiðum þegar eldi á sér stað. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á rækju- og bolfiskveiðar í Ísafjarðardjúpi verði óverulega neikvæð. Óvissa sé þó með áhrif á rækju ef ítrekað þarf að bregðast við lúsasmiti með notkun lyfja. Skipulagsstofnun telur áhrif eldisins á efnisnám kalkpörunga óveruleg. Matvælastofnun bendir á að þar sem um er að ræða kynslóðaskipt eldi þar sem eldissvæðin eru hvíld til skiptis verði áhrifin breytileg eftir því hvaða eldissvæði verða í notkun hverju sinni og þá geti staðsetning eldiskvíá innan eldissvæðanna verið breytileg milli eldislota. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið Skipulagsstofnunar að ítrekuð notkun vissra lúsalyfja geti mögulega haft neikvæð áhrif á staðbundna rækjustofna. Til þess að fá heimild til notkunar slíkra lyfja þarf formlega heimild Matvælastofnunar með aðkomu faglegs álits fisksjúkdómanefndar. Einnig er rétt að undirstrika að slíkt leyfi er jafnframt háð jákvæðri umsögn Hafrannsóknastofnunar. Þessi skýra aðkoma opinberra fagaðila að veitingu heimilda til lyfjameðhöndlunar, eða ákvarðana um aðrar ráðstafanir, veita ríkt aðhald og dregur verulega úr hættu á að lyfjanotkun verði viðvarandi ef grunur vaknar um neikvæð áhrif á lífríki Ísafjarðardjúps. Þess má að lokum geta að á döfinni er rannsóknarverkefni þar sem lyfjapol laxa- og fiskilúsar verður skoðað ofan í kjölinn. Lyfjaónæmi er vaxandi vandamál á heimsvísu, ekki síst með ógætilegri notkun sýkla- og sníkjudýralyfja, og eru yfirvöld áfram um að vakta þessa þróun og koma í veg fyrir slík óheillaskref í íslensku laxeldi.

2.7 Ásýnd og landslag

Skipulagsstofnun telur í áliti sínu að búast megi við að aukið umfang fiskeldis muni hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna af landslagi svæðisins og náttúrulegu yfirbragði þess. Jafnframt bendir stofnunin á að fjölgun eldissvæða í Djúpinu sé líkleg til að breyta fleiri svæðum og fjölga svæðum þar sem eldissvæði eru sýnileg. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni verða nokkuð neikvæð en tímabundin og afturkræf. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Sjókvíaeldi takmarkast, samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði á Vestfjörðum innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásýnd.

2.8 Ferðamennska og útivist

Skipulagsstofnun bendir á í áliti sínu að sjókvíar séu umfangsmikil mannvirki og telur ljóst að eldiskvíar muni sjást greinilega frá Arnarnesinu og því líkur á að eldissvæðið við Arnarnes geti haft nokkuð neikvæð áhrif á þá ferðamenn sem fari um Arnarnesið. Skipulagsstofnun bendir á að eldissvæðið Kirkjusund, sem liggja við eyjuna Vigur, muni hafa áhrif á ásýnd frá hluta eyjunnar og á siglingaleið til eyjunnar. Skipulagsstofnun telur að áhrif eldisins á ferðamennsku og útivist komi til með að verða nokkuð neikvæð en afturkræf. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni verða nokkuð neikvæð en tímabundin og afturkræf. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Sjókvíaeldi takmarkast, samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði á Vestfjörðum innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásýnd.

2.9 Fuglar og spendýr

Í áliti Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji líklegt að fæðuframboð muni aukast fyrir ýmsar fuglategundir í nágrenni kvía. Stofnunin telur jafnframt líklegt að fiskur komi til með að sækja í æti við kvíar sem getur þá orðið bráð

ýmissa sjófugla. Stofnunin metur það svo að uppi sé óvissa um heildaráhrif fiskeldisins á fugla í fjörðunum sem og einstakar fuglategundir. Meðal óvissupátta er möguleg fjölgun máva í nágrenni sjókvía og áhrif þeirra á aðrar fuglategundir eins og æðarfugl. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að óvissa ríki um það hvort fiskeldið muni hrekja fugla frá búsvæðum og hvaða þýðingu það hefur fyrir fuglalíf. Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar geti haft jákvæð áhrif á sumar tegundir fugla með tilliti til fæðuöflunar en áhrifin gætu orðið nokkuð neikvæð á aðrar tegundir ef þær fælast burt vegna framkvæmdanna. Stofnunin telur að tilefni sé til að sett verði skilyrði um vöktun fuglalífs í nágrenni eldissvæða í vöktunaráætlun Arctic Sea Farm.

2.10 Siglingaleiðir

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að eldissvæðið við Arnarnes muni koma til með að trufla siglingar á þekktu siglingaleið inn að Ísafirði. Skipulagsstofnun telur að staðsetning eldissvæða við Kirkjusund og við Snæfjallaströnd sé ekki líkleg til að trufla siglingar í Ísafjarðardjúpi. Stofnunin telur að laxeldi Arctic Sea Farm komi til með að hafa nokkuð neikvæð og afturkræf áhrif á siglingar. Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun að staðsetning eldissvæðis Arctic Sea Farm við Arnarnes muni hafa áhrif á siglingar en samkvæmt matskýrslu Arctic Sea Farm var þessi staðsetning valin í samráði við hafnaryfirvöld á Ísafirði. Jafnframt bendir stofnunin á að eftir að álit Skipulagsstofnunar var birt hefur stefna um skipulag haf- og strandsvæða verið sett fram í landsskipulagsstefnu og felur hún í sér stefnu ríkisins um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum. Matvælastofnun tekur mið af strandsvæðisskipulagi við útgáfu rekstrarleyfis.

2.11 Samlegðaráhrif

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji líklegt að samlegð framkvæmda allra aðila sem eru með eða hyggjast vera með fiskeldi á Vestfjörðum muni leiða til talsvert neikvæðra sjónrænna áhrifa á upplifun ferðamanna og útivistarfólks sem leið eiga um Vestfirði. Stofnunin telur jafnframt að fyrirhugaðar framkvæmdir ásamt öðru núverandi og fyrirhuguðu eldi í Ísafjarðardjúpi eigi eftir að hafa takmarkandi áhrif á aðgengi að veiðisvæðum í firðinum og að jafnframt eigi það eftir að þrengja að siglingaleiðum innan fjarðarinnar.

Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Sjókvíaeldi takmarkast, samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði á Vestfjörðum innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásynd. Matvælastofnun bendir jafnframt á að þar sem um er að ræða kynslóðaskipt eldi þar sem eldissvæðin eru hvíld til skiptis verða áhrifin breytileg eftir því hvaða eldissvæði verða í notkun og staðsetningu eldiskvía innan eldissvæðanna hverju sinni. Stofnunin bendir jafnframt framkvæmdaraðila á að skv. 35. gr. rgl. nr. 540/2020 skal skila til Landhelgisgæslu Íslands upplýsingum er varða hnitsetningu ankera og tóga sjókvíaeldisstöðva.

Skipulagsstofnun telur að samlegðaráhrif eldis Arctic Sea Farm og annars eldis í Ísafjarðardjúpi og öðrum fjörðum verði óveruleg á þær ár sem áhættumat erfðablöndunar nær til. Hins vegar telji stofnunin að ef horft er til allra laxastofna á Vestfjörðum gæti óvissu um samlegðaráhrifin, þau geti orðið talsverð eða verulega neikvæð ef viðbrögðum við slysasleppingum er ábótavant. Matvælastofnun bendir á að þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis þó þannig að ávallt verði þess gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og að nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Í löggjöf um fiskeldi hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Markmið laganna er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og er sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu

af fiskeldi og til verndunar á villtum laxastofnum friðað tiltekin svæði og bannað eldi laxfiska í sjókvíum sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsingu nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingu, þ.m.t. Ísafjarðardjúp.

Fram kemur í álit Skipulagsstofnunar að fjarlægð milli eldissvæða ótengdra aðila verði að minnsta kosti á tveimur stöðum undir 5 km miðað við núverandi eldi í Djúpinu og ef tekið er mið af fyrirhuguðu eldi annarra þá verði öll eldissvæði Arctic Sea Farm innan við 5 km frá eldissvæðum ótengdra aðila, en samkvæmt meginviðmiði reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 skuli lágmarksfjarlægð sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila vera 5 km. Viðmiðunarmörkin séu hugsuð til þess að draga úr líkum á að sjúkdómar og sníkjudýr berist á milli eldissvæða. Samkvæmt reglugerðinni getur Matvælastofnun, að höfðu samráði við Hafrannsóknarstofnun, heimilað minni fjarlægðir milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila. Skipulagsstofnun telur að Matvælastofnun þurfi því að meta hvort gild rök mæli með því að veita undanþágu frá meginviðmiði reglugerðarinnar. Skipulagsstofnun bendir á að Matvælastofnun telji villta laxfiska vera í lítilli hættu vegna smitsjúkdóma. Að mati Skipulagsstofnunar megi það þó vera ljóst að með auknu eldi fjölgi mögulegum smitleiðum ásamt því að líkur aukist á að smitsjúkdómar og laxalús magnist upp í og við eldiskvíar. Stofnunin telur að mikil nálægð eldissvæða sé líkleg til að auka smithættu. Stofnunin telur að það megi gera ráð fyrir því að laxalús geti orðið vandamál í Ísafjarðardjúpi. Ekki síst ef fjarlægð á milli eldissvæða verður undir 5 km viðmiðunarmörkum reglugerðar um fiskeldi. Matvælastofnun óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar sjókvíaeldis Arctic Sea Farm í Ísafjarðardjúpi skv. 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 1. mars 2021, kemur fram að stofnunin geti ekki út frá fyrirbyggjandi reynslu af fiskeldi við Ísland og stöðu þekkingar á dreifingu smitvalda í yfirborðslögum sjávar tekið afstöðu til þess hvort óhætt sé að hafa fleiri ótengda eldisaðila starfandi á afmörkuðu svæði þar sem fjarlægðir milli eldissvæða eru styttri en reglugerð um fiskeldi segir til um. Matvælastofnun hefur sérstakt eftirlit með flutning á fiski í kvíar og mun ekki heimila flutning fisks í kvíar þar sem fjarlægð er styttri en 5 km í næstu fiskeldisstöð ótengdra aðila.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað eldi Arctic Sea Farm muni hafa neikvæð samlegðaráhrif á villta laxastofna með öðru, núverandi og fyrirhuguðu, eldi í Ísafjarðardjúpi með tilliti til laxalúsar. Stofnunin telur óvissu ríkja um vægi þeirra áhrifa. Skipulagsstofnun gerir ráð fyrir að vöktun laxalúsa á eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi komi til með að nýtast við að kortleggja dreifingu laxalúsa í Djúpinu og varpa ljósi á samlegðaráhrif. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í rekstrarleyfi sé skýrt kveðið á um heimild til að draga úr umfangi eldis ef niðurstöður vöktunar á laxalús gefi tilefni til.

Það er mat Matvælastofnunar að áhrif laxalúsasmits úr sjókvíaeldi á villta laxfiska sé árstíðabundin. Helst er hætta á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori. Reynslan hefur þó sýnt að sjávarhiti á Vestfjörðum að vori er óhentugur fyrir viðkomu laxalúsar og það dregur úr líkum á að útgönguseiði verði fyrir neikvæðum áhrifum á leið sinni til sjávar. Verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Matvælastofnun telur að fyrirbyggjandi aðgerðir á borð við notkun hrognkelsa geti minnkað líkur á að laxalús nái útbreiðslu. Reynslan hefur með afar skýrum hætti sýnt fram á náttúrulegt notagildi hrognkelsa sem með öflugum hætti halda niðri laxalúsastofni í sjókvíum, bæði á Vestfjörðum og hjá nágrennaríkjum. Þá tekur Matvælastofnun í sama streng með tilliti til mikilvægi þess að vakta og meta lúsasmit. Mælt er um slíka vöktun í ákvæði 49. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. Í þessu sambandi má benda á að þann 1. nóvember 2021 tóku gildi breytingar á nefndri reglugerð nr. 540/2020 og reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðum. Þessar breytingar fela í sér að auk vöktunar á viðkomu sníkjudýra í innra eftirliti sjókvíaeldisstöðva skulu rekstraraðilar starfa samkvæmt viðbragðsáætlun vegna viðkomu sníkjudýra sem háð er samþykki Matvælastofnunar. Sérstaklega er tiltekið í reglugerðunum að viðbragðsáætlunin skuli, auk þeirra atriða sem tiltekin eru í viðauka VI, fela í sér aðgerðir fari meðaltalsfjöldi kynþroska kvenlúsa (með eða án eggjastrengja) innan viðkomandi svæðis umfram 0,5, 1, 1,5 og 2 á hvern fisk. Þá skal viðbragðsáætlun rekstrarleyfishafa virkjuð þegar meðaltalsfjöldi kynþroska kvenlúsa innan viðkomandi svæðis fer umfram 0,5 á hvern fisk og skal Matvælastofnun tilkynnt um það. Þegar tilkynning um virkjun viðbragðsáætlunar berst Matvælastofnun skal stofnunin meta hvort ráðstafanir rekstrarleyfishafa samkvæmt viðbragðsáætlun nái þeim árangri sem að sé stefnt eða hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Rekstraraðili skal einnig tilkynna Matvælastofnun þegar meðaltalsfjöldi kvenlúsa innan viðkomandi svæðis fer umfram 1, 1,5 og 2 á hvern fisk og þá skal Matvælastofnun meta hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Matvælastofnun skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin. Það er því ljóst að eftirlit hefur verið aukið í tengslum við viðkomu sníkjudýra í fiskeldinu með ofangreindum reglugerðarbreytingum. Þá hefur almenn

upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna með tilkomu Mælaborðs fiskeldis sem er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

3. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða og áhættumat um siglingaöryggi

Arctic Sea Farm mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á þremur eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi sem eru í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Þau eru, Arnarnes á reitnum SN25 - Arnarnes, Kirkjusund á reitnum SN29 - Kirkjusund og Sandeyri á reitnum SN36 – Snæfjallaströnd.

Almenn ákvæði eiga við um alla reitina í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða en þar kemur meðal annars fram að við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld. Ótengdir aðilar skulu hafa samráð vegna útfærslu nýtingar og staðsetningar á búnaði eða starfsemi innan sama reits. Fyrir þessa þrjá reiti sem fyrirtækið hyggst stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi er engin önnur starfsemi fyrir á sama reit. Matvælastofnun bendir á að komi til þess að önnur eldisfyrirtæki sækji um að hefja starfsemi innan þessara reita þá skal Matvælastofnun tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi verði eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hverrar fiskeldisstöðvar.

Á svæði SN25 – Arnarnes eru engin sértæk ákvæði.

Á svæði SN29 – Kirkjusund eru sértæk ákvæði: Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til vöktunar fuglalífs þar sem starfsemi kann að hafa áhrif á það. Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar geti haft jákvæð áhrif á sumar tegundir fugla með tilliti til fæðuöflunar en áhrifin gætu orðið nokkuð neikvæð á aðrar tegundir ef þær fælast burt vegna framkvæmdanna. Stofnunin telur að tilefni sé til að sett verði skilyrði um vöktun fuglalífs í nágrenni eldissvæða í vöktunaráætlun Arctic Sea Farm. Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni hafa sjónræn áhrif en þau verði staðbundin og afturkræf að öllu leyti þegar búnaður er fjarlægður. Þar sem leyfissvæði fiskeldis liggur inni á hvítum ljósgeira vitaljósa skal sjókvíaeldisstöð ekki vera innan hans eða nær mörkum ljósgeirans en 50 metra. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar. Þar sem eldissvæði Arctic Sea Farm er innan eða nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa mun Matvælastofnun setja eftirfarandi skilyrði inn í rekstrarleyfi fyrirtækisins: Jaðar sjókvíaeldisstöðvar á Kirkjusundi skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Botnfestingar (ankeri og tóg) skulu vera á meira en 15 m dýpi þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Á svæði SN36 – Snæfjallaströnd eru sértæk ákvæði: Við umhverfismat og ákvörðun um leyfisveitingar skal taka afstöðu til sjónrænna áhrifa af starfsemi á ásynd svæðis. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni hafa sjónræn áhrif en þau verði staðbundin og afturkræf að öllu leyti þegar búnaður er fjarlægður.

Matvælastofnun barst áhættumat um siglingaöryggi vegna eldissvæða SN25, SN29 og SN36 þar sem eldissvæði rekstaraðila voru metin m.t.t. siglingaöryggis. Niðurstöður áhættumats siglingaöryggis eru eftirfarandi:

Svæði SN25 – Arnarnes: Ekki er ásættanlegt m.t.t. siglingaöryggis að leyfa fiskeldi á svæðinu Arnarnesi eins og það er skilgreint, þar sem stærstur hluti þess er innan hvíts ljósgeira frá Æðeyjarvita. Nýting þess hluta reitsins sem fellur utan hvíta ljósgeirans frá Æðeyjarvita ógnar ekki siglingaöryggi. Varúðarsvæði upp á 100m er talið hæfilegt. Mikilvægt er að kvísvæðin séu merkt eins og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kveður á um og að merkingar og ljós virki sem skyldi a.m.k. 99% tímans, mælt yfir þriggja ára tímabil. Ef þeim reglum er fylgt telst siglingaöryggi þeirra báta sem almennt sigla um þetta svæði ekki ógnað. Ekki var tekið tillit til mótvægisáðgerða í þessari vinnu, en komi til mótvægisáðgerða mun Matvælastofnun endurskoða rekstrarleyfið m.t.t. þeirra.

Svæði SN29 – Kirkjusund: Ekki er ásættanlegt m.t.t. til siglingaöryggis að leyfa fiskeldi á svæðinu Kirkjusundi eins og það er skilgreint, þar sem hluti þess er innan hvíts ljósgeira frá Arnarnesvita. Nýting þess hluta reitsins sem fellur utan hvíta ljósgeirans frá Arnarnesvita ógnar ekki siglingaöryggi. Varúðarsvæði upp á 50 m, eins og það er skilgreint í reglugerð um fiskeldi, er talið nægjanlegt. Mikilvægt er að kvíassvæðin séu merkt eins og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kveður á um og að merkingar og ljós virki sem skyldi a.m.k. 99% tímans, mælt yfir þriggja ára tímabil. Ef þeim reglum er fylgt telst siglingaöryggi þeirra báta sem almennt sigla um þetta svæði ekki ógnað. Ekki var tekið tillit til mótvægisáðgerða í þessari vinnu, en komi til mótvægisáðgerða mun Matvælastofnun endurskoða rekstrarleyfið m.t.t. þeirra.

Svæði SN36 – Snæfjallaströnd: Niðurstöður áhættumats sýna fram á að leyfi til fiskeldis á svæði við Sandeyri mun ekki hafa teljandi neikvæð áhrif á siglingaöryggi inn djúpið núna og í náinni framtíð. Mjög takmörkuð umferð er um svæðið og eru það aðallega litlir bátar sem sigla þar framhjá. Mikilvægt er að kvíassvæðin séu merkt eins og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kveður á um og að merkingar og ljós virki sem skyldi a.m.k. 97% tímans, mælt yfir þriggja ára tímabil. Varúðarsvæði upp á 50 m, eins og það er skilgreint í reglugerð um fiskeldi, er talið nægjanlegt.

4. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Ísafjarðarbæjar þann 11. febrúar 2021 í samræmi við 7. gr. laga nr. 71/2008. Umsagnir bárust ekki frá Fiskistofu og Ísafjarðarbæ. Að auki óskaði Matvælastofnun eftir álitum Hafrannsóknastofnunar á fjarlægðarmörkum milli eldissvæða Arctic Sea Farm, Arnarlax, Háafells og Hábrúnar í Ísafjarðardjúpi í samræmi við 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020.

Hafrannsóknarstofnun sendi inn svar þann 1. mars 2021 þar sem fram kemur að stofnunin telji að fyrirhugaðar eldistegundir, eldisaðferð og eldisstofn muni hafa neikvæð vistfræði- og erfðafræðiáhrif komi til sleppinga. Matvælastofnun bendir á að í samræmi við 6. gr. a og b er fyrirhuguð útgáfa rekstrarleyfis byggð á áhættumati erfðablöndunar sem staðfest var af matvælaráðherra, þann 3. mars 2022, og burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar (endurútféð í febrúar 2022). Með því að stunda sjókvíeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í svari sínu varðandi fjarlægðarmörk segir Hafrannsóknastofnun að stofnunin geti ekki, út frá fyrirbyggjandi reynslu af fiskeldi við Ísland og stöðu þekkingar á dreifingu smitvalda í yfirborðslögum sjávar, tekið afstöðu til þess hvort óhætt sé að hafa fleiri ótengda eldisaðila starfandi á afmörkuðu svæði þar sem fjarlægðir á milli eldissvæða séu styttri er reglugerð um fiskeldi segir til um. Matvælastofnun bendir á að fjarlægðir milli ótengdra aðila í sjókvíeldi skuli eigi vera styttri en 5 km miðað við útmörk fiskeldisstöðvar en ekki eldissvæðis. Matvælastofnun mun setja skilyrði í rekstrarleyfi Arctic Sea Farm þar sem rekstrarleyfishafa er gert skylt að tryggja 5 km fjarlægð í næstu fiskeldisstöð ótengdra aðila. Rekstraraðilar þurfa að sækja um leyfi til flutnings á fiski í eldiskvíar og mun Matvælastofnun ekki heimila flutning á fisk í kvíar þar sem fjarlægð er styttri en 5 km í næstu fiskeldisstöð ótengdra rekstraraðila.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust athugasemdir frá fimm aðilum á auglýsingartíma. Athugasemdirnar voru frá: Björgvini Hilmarssyni líffræðingi og ljósmyndara á Ísafirði, Daníel Jakobssyni fyrir hönd Arctic Fish, Birni Hembre forstjóra fyrir hönd Arnarlax ehf., Birni Jóhannessyni lögmanni fyrir hönd Háafells ehf. og Flóka Ásgeirssyni lögmanni fyrir hönd Náttúruverndarfélagins Laxinn lífi.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyra verksviði Matvælastofnunar.

Björgvin Hilmarsson, líffræðingur og ljósmyndari á Ísafirði, sendi inn athugasemdir þann 6. júní 2023.

- *Gerð er athugasemd við að svæðin sem um ræðir í tillögu að rekstraleyfi verða mjög sýnilega víða og hafi mikil og neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu og almennt á ímynd þess. Nú þegar sé eldissvæði suðaustan við Vigur, nánast alveg upp við eyjuna og nú er verið að fjalla um svæði rétt norðan við eyjuna, Kirkjusund. Verði eldi leyft þar er búið að umkringja eyjuna með eldissvæðum sem sjást þá vel frá eyjunni hvar sem á henni er staðið. Vigur sé vinsæll áfangastaður ferðamanna og mikið til hennar sé horft af landi en með þessari framkvæmd verði næsta nágrenni hennar breytt í iðnaðarsvæði með mikilli sjón- og hljóðmengun auk þess sem skipaumferð eykst heilmikið. Sérstaklega er bent á stærðarinnar fóðurpramma sem stendur mun hærra upp úr haffletinum en eldiskvíarnar og því enn sýnilegri en þær. Fóðurprammar séu forljótir, þaktir bíldekkjum og almennt mikið lýti í umhverfi sínu. Við þetta bætist svo ljósmengun í myrkri en ljós muni blikka alla daga og nætur á kvíum og pramma. Allt þetta sé rétt fyrir utan við þá einstöku perlu sem eyjan Vigur sé. Núverandi eldissvæði við eyjuna hafi þegar rýrt mjög upplifun af svæðinu og síblikkandi eldissvæðið og fóðurpramminn fyrirferðamikli og ljóti sjáist víða að. Þetta eigi því einungis eftir að versna. Gerð er athugasemd við staðsetningu nýtingarreita, rétt við landsteina eyjunnar Vigur sem sé vanhugsuð og klár mistök. Gert sé ráð fyrir nýtingarsvæðum (mest fiskeldi) í nánast öllum fjörðum í Ísafjarðardjúpi og í myrkri verði Ísafjarðardjúp, og fleiri svæði, síblikkandi eins og biluð ljósasería allan ársins hring.*

Við afgreiðslu á umsókn Arctic Sea Farm vegna 8.000 tonna af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 111/2021, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 111/2021 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. í lögum nr. 71/2008 er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Ísafjarðardjúp.

Daníel Jakobsson sendi inn athugasemdir fyrir hönd Arctic Fish ehf. sem sendir inn athugasemdir fyrir hönd Arctic Sea Farm ehf., þann 27. júní 2023.

- *Gerð er athugasemd við hámarkslífmassa rekstrarleyfis en félagið telur sig hafa sótt um 10.100 tonna hámarkslífmassa í umsóknum um rekstrar- og starfsleyfi og um það hafi umhverfismat framkvæmdarinnar fjallað. Umsækjandi telur hámarkslífmassi þurfi að vera hærri en möguleg áframleiðsla og bendir umsækjandi á að í áhættumati erfðablöndunar sem Hafrannsóknastofnun gerði sé stuðst við stuðulinn 0,8 lífmassa yfir í framleiðslu og því þurfi 10.100 tonna hámarkslífmassa í Ísafjarðardjúpi til þess að ná 8.000 tonna ársframleiðslu. Þá bendir umsækjandi á að Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við þessa framsetningu í áliti sínu.*

Matvælastofnun bendir á að í umsókn ASF um rekstrarleyfi dags. 20. maí 2019, er sótt um nýtt rekstrarleyfi og 8.000 tonna framleiðslumagn. Í upphaflegri 10. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi kom fram að í rekstrarleyfi til fiskeldis skuli m.a. vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar mælt sem „leyfilegt framleiðslumagn“. Hugtakið var ekki skilgreint í lögnum en skilgreiningu þess var að finna í 3. gr. þágildandi reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi. Þar sagði að framleiðslumagn sé ársframleiðsla slátraðra tonna af óslægðum eldisfiski úr kerri/kví. Sé eldið kynslóðaskipt er miðað við meðaltalsársframleiðslu. Með breytingalögum nr. 101/2019 um fiskeldi, sem tóku gildi 19. júlí 2019 var fyrrnefndri 10.gr. laga nr. 71/2008 breytt þannig, að í rekstrarleyfi til fiskeldis skyldi tilgreina hámark leyfislegs lífmassa, í stað leyfilegs framleiðslumagns. Hugtakið lífmassi er skilgreint í frumvarpinu með lögum nr. 101/2019, sem margfeldi af fjölda og meðalþyngd eldisdýra á tilteknu eldissvæði. Í frumvarpinu kom hins vegar hvergi fram hvernig fara skyldi með umsóknir fyrir gildistöku laganna 19. júlí 2019 er varðaði breytingu úr framleiðslumagni yfir í lífmassa og því ekki annað að miða við en einn á mói einum. Að mati Matvælastofnunar var því ekki gert ráð fyrir því að umsóknir fyrir gildistöku laganna breyttust hvað þetta varðaði enda ekki um eiginlegt skilyrði að ræða heldur stærð fiskeldisstöðvar sem sótt var um.

Samkvæmt framangreindu telur Matvælastofnun að þar sem sótt var um rekstrarleyfi fyrir gildistöku breytingarlaga nr. 101/2019 að þá fari umsókn Arctic Sea Farm eftir eldri ákvæðum laga nr. 71/2008 sbr. þágildandi reglugerð nr. 1170/2015 sbr. m.a. bráðabirgðaákvæði II, b-liðar í 24.gr. laga nr. 101/2019 þar sem segir: *Um meðferð og afgreiðslu umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á hafsvæðum sem hafa verið metin til burðarþols og þar sem málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er lokið fyrir gildistöku þessa ákvæðis eða frummatsskýrslu hefur verið skilað fyrir gildistöku þessa ákvæðis til Skipulagsstofnunar skv. 9. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, fer eftir eldri ákvæðum laganna.* Þá bendir Matvælastofnun á að fram kemur í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 540/2020 að: *Matvælastofnun skal endurskoða rekstrarleyfi þannig að leyfilegur hámarkslífmassi sé tilgreindur í rekstrarleyfi. Matvælastofnun skal tryggja við slíka endurskoðun að samræmis sé gætt við hámarksframleiðslumagn gildandi rekstrarleyfa að öðru óbreyttu.* Þá bendir Matvælastofnun á að hvergi í lögum, reglugerðum eða öðrum reglum er staðfest að vörpun stuðulsins milli framleiðslumagns og hámarkslífmassa eigi að vera 0,8 í stað 1:1.

Arctic Sea Farm bendir á að í áhættumati um erfðablöndum sem Hafrannsóknastofnun gerði sé stuðst við stuðullinn 0,8 við vörpun úr framleiðslu yfir í lífmassa. Samkvæmt því þurfi um 10.100 tonna hámarkslífmassa í Ísafjarðardjúpi til að ná 8.000 tonna meðal ársframleiðslu. Þessum rökstuðningi hafnar Matvælastofnun alfarið. Breytir þar engu um þótt Hafrannsóknastofnun hafi ákveðið að notast við lífmassa í stað hámarksframleiðslu við útgáfu áhættumats erfðablöndunar og nota vörpunarstuðullinn 0,8, sem þýðir að fyrir um 800 tonn af framleiðslu þurfi um 1.000 tonna hámarkslífmassa. Í skýringum Hafrannsóknastofnunar kom fram að við ákvörðun stuðulsins hefði verið horft til reynslu úr sjókvíaeldi hér á landi á síðustu árum. Reyndin hefur hins vegar verið sú að samkvæmt reynslu síðustu ára úr framleiðsluskýrslum þá hefur stuðullinn fremur verið nær 1:1, sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjókvíaeldi, þar sem staðfest var að stuðullinn 0.8 væri í reynd kominn frá hagsmunaaðilum úr greininni þar á meðal frá Arctic Sea Farm. Að mati Ríkisendurskoðunar yrði við notkun stuðla og reiknireglna að byggja á öruggum og sannreyndum upplýsingum úr fiskeldi hér við land og væri áhyggjuefni að Hafrannsóknastofnun hafi ekki getað með skýrari hætti rökstutt val sitt á framangreindum stuðli.

Matvælastofnun vísar einnig til úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 129/2022, sem upp var kveðinn 29. mars 2022 sbr. og úrskurð nefndarinnar í máli nr. 18/2015 þar sem staðfest var ákvörðun Matvælastofnunar um að 1.500 tonna framleiðslumagn samsvaraði 1.500 tonna lífmassa eða einn á mót einum.

- *Bent er á að í áhættumati um erfðablöndun sé heimilt að setja út 400g seiði og hafa þá allt að 14.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum fiski í Ísafjarðardjúpi. Rekstrarleyfishafi óskar eftir því að ákvæði sé sett inn í rekstrarleyfi sem geir þeim kleift að njóta þess viðbótar lífmassa og því heimilt að hafa 7.200 tonn af frjóum laxi í stað 5.200 tonn, séu sett út 400g seiði.*

Matvælastofnun bendir á að í áhættumati um erfðablöndunar Hafrannsóknastofnunar dags. 3. júní 2020, kemur fram, að hámarkslífmassi af frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi getur verið 12.000 tonn. Fyrir er Háafell með 6.800 tonn af laxi og regnbogasilungi og því getur úthlutun til Arctic Sea Farm verð 5.200 tonnum af frjóum laxi.

Í áhættumatinu kemur hins vegar fram að ef notuð eru 400 gramma seiði megi auka hámarkslífmassa af frjóum laxi í 14.000 tonn. Matvælastofnun bendir á að engar reglur eru til um þennan aukna lífmassa, þ.e. hver getur fengið hann og hver ekki og á kostnað hvers. Eins er ómögulegt að fylgjast með því af hálfu Matvælastofnunar eða hafa eftirlit með því hvað seiðin eru þung við útsetningu.

- Óskað er eftir því að heimilt verði í rekstrarleyfi að nýta ónýttan lífmassa af frjóum laxi sé hann til staðar skv. áhættumati um erfðablöndun m.a. með samstarfi á milli fyrirtækja. Þannig sé hægt að nýta ónýttan lífmassa af frjóum laxi af öðrum svæðum sé ekki verið að nýta hann þar og með skriflegu samþykki viðkomandi leyfishafa. Slíkt gæti m.a. nýst ef upp koma sýkingar á svæðum og slátra þyrfti þar, ef verið er að ala regnbogasilung á svæðum sem heimila laxeldi eða ef rekstraraðilar koma sér saman um samrekstur.

Matvælastofnun telur ekki koma til greina að hægt sé að nýta ónýttan lífmassa af frjóum laxi milli fyrirtækja, m.a. af öðrum eldissvæðum, þar sem bundið sé í rekstrarleyfi hver lífmassi viðkomandi rekstrarleyfishafa er auk þess sem fram kemur í 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020, að Matvælastofnun skuli tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi skv. meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km. miðað við útmörk hverrar eldisstöðvar, en þetta er gert til að koma í veg fyrir sjúkdóma og laxlús.

Björn Hembre sendi inn athugasemdir fyrir hönd Arnarlax ehf. þann 29. júní 2023.

- Arnarlax áréttar þau sjónarmið og lagarök sem fram komu í stjórnslukæru Arnarlax og kærugögnum í kærumálum nr. 121/2021 og 125/2021 hjá Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála, um að Skipulagsstofnun hafi borið í samræmi við lög að afgreiða álit um umhverfismat Arnarlax fyrst á undan álitum annarra umsækjanda um rekstrar- og starfsleyfi til sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi. Þannig hafi Skipulagsstofnun ekki verið heimilt að mismuna umsækjendum með því að ákveða að seinka lögbundnu álitu sínu um matsskýrslu Arnarlax. Samkvæmt þessu telur Arnarlax að málsmeðferð Skipulagsstofnunar í tengslum við útgáfu álita stofnunarinnar á matsskýrslu Arctic Fish Farm ehf. og eftir atvikum Háafells ehf. í Ísafjarðardjúpi geti ekki talist lögmætur grundvöllur fyrir ákvörðun Matvælastofnunar um að veita Arctic Sea Farm ehf. umrætt rekstrarleyfi fyrir 8.000 tonna hámarkslífmassa á regnbogasilungi og laxi í Ísafjarðardjúpi. Um lagasjónarmið og lagarök Arnarlax vísast til meðfylgjandi stjórnslukæru, málgagna auk athugasemda Arnarlax ehf. við afstöð Arctic Sea Farm ehf. í innsendri greinagerð fyrirtækisins vegna kærumálanna.

Í athugasemd er vísað til rannsóknarskyldu Matvælastofnunar sbr. 10. gr. laga nr. 37/1993, þess efnis að mál sé nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin og að stofnuninni beri skylda til að rannsaka málsmeðferð Skipulagsstofnunar og hvort hún hafi verið lögum samkvæmt, sbr. niðurstaða Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál í máli nr. 5/2018.

Matvælastofnun óskaði þann 9. mars 2021 eftir upplýsingum frá Skipulagsstofnun varðandi málsmeðferð matsskýrslna um sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi. Þá var óskað eftir sjónarmiðum stofnunarinnar varðandi fullyrðingar þess efnis að málsmeðferð hjá stofnuninni hafi verið annmörkum háð og sé ólögmæt. Í svari Skipulagsstofnunar, dags. 8. apríl 2021, er rakið hvernig málsmeðferð skv. lögum nr. 106/2000 var háttáð og telur Matvælastofnun að með þeim upplýsingum sem fram hafa komið að skylda stofnunarinnar til að rannsaka þennan þátt málsins, sbr. 10. gr. laga nr. 37/2013, sé uppfyllt og að rannsóknin hafi ekki leitt í ljós verulega annmarka á málsmeðferð Skipulagsstofnunar. Matvælastofnun mun því við ákvörðun sína varðandi útgáfu rekstrarleyfis til Arctic Sea Farm ehf. styðjast við fyrirliggjandi málsmeðferð Skipulagsstofnunar og álits stofnunarinnar frá 29. janúar 2021.

Björn Jóhannesson lögfræðingur hjá Megin lögmastofnu sendi inn athugasemdir fyrir hönd Háafell ehf. þann 4. júní 2023

- Gerð er athugasemd um að í tillögu að rekstrarleyfi Arctic Sea Farm ehf. sé gert ráð fyrir þremur eldissvæðum, þ.e. Arnarnesi, Kirkjusundi og Sandeyri. Vegna 5 km fjarlægðarmarkna, sem getið sé um í 5 mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020, við fisk í sjókvíum á eldissvæðum Háafells ehf., sé ljóst að fyrirhuguð eldissvæði Arctic Sea Farm ehf. við Arnarnes og Kirkjusund verði í raun óvirk og felí þannig tillagan í sér úthlutun á eldissvæðum sem ekki verði mögulegt að nýta nema undanþága verði veitt

frá fyrrgreindum fjarlægðarmörkum. Umbjóðandi minn, Háafell ehf., hafi nú þegar rekstrarleyfi fyrir eldissvæðin; Kofradýpi, Seyðisfjörð og Skötufjörð og í ljósi þeirrar staðreyndar sé fyrirséð að ekki verði hægt að staðsetja sjókvíaeldisstöðvar Arctic Sea Farm ehf. á fyrrgreindum eldissvæðum við Kirkjusund og Arnarnes þannig að 5 km fjarlægðarmörk verði virt.

- Háafell gerir athugasemd um að það gangi ekki upp að úthluta eldissvæðum sem beinlínis gangi í berhögg við fyrrgreind fjarlægðarmörk. Mun eðlilegra væri að úthlutun nýrra rekstrarleyfa tæki að öllu leyti mið af þeim rekstrarleyfum sem þegar hefur verið úthlutað. Það sé þannig ákveðin þversögn í því að úthluta rekstrarleyfum fyrir svæði sem á sama tíma sé ekki hægt að nýta vegna þeirra rekstrarleyfa sem fyrir séu. Að mati Háafells ehf. geti þetta skapað ákveðna óvissu varðandi stöðu rekstrarleyfishafa t.d. þegar eldissvæði séu hvíld. Hætta sé á að réttarstaða rekstraraðila verði óljós með slíkri framkvæmd og þá geti það tæplega talist góð stjórnsýsla að úthluta eldissvæðum sem fyrirséð er að ekki sé hægt að nýta nema forsendur breytist í framtíðinni eða á grundvelli undanþáguheimilda í áðurnefndri reglugerð. Mun eðlilegra væri að eldissvæðunum yrði fyrst úthlutað þegar aðstæður verði með þeim hætti að réttindi annarra rekstrarleyfishafa standi ekki í vegi fyrir nýtingu viðkomandi svæða.

Matvælastofnun barst undirrituð yfirlýsing frá Háafelli, þann 4. maí 2020, þar sem fyrirtækið staðfestir að ef til þess kæmi að samhliða eldi Háafells yrði stundað eldi annarra aðila muni Háafell viðhafa samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis, að því gefnu að aðrir eldisaðilar uppfylltu lög og reglugerðir um fiskeldi. Jafnframt kemur fram í yfirlýsingunni að Háafell muni vinna, í slíkum tilfellum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar. Matvælastofnun barst jafnframt viljayfirlýsing frá Arctic Sea Farm, dags. 21. júní 2021, til samstarfs í Ísafjarðardjúpi þar sem fram kemur að Arctic Sea Farm muni viðhafa samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða með öðrum leyfishöfum innan sama sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt muni Arctic Sea Farm vinna sameiginlega að sjúkdómavörnum og viðbrögðum gegn þeim sem og vöktun á lús á eldisfiskum með öðrum leyfishöfum innan sama sjókvíaeldissvæðis.

Í tillögu að rekstrarleyfi Arctic Sea Farm ehf., er gert ráð fyrir þremur eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi, þ.e. við Arnarnes, Kirkjusund og Sandeyri. Háafell er með rekstrarleyfi m.a. fyrir eldissvæðin innra og ytra Kofradýpi og Skarðshlíð við Ísafjarðardjúp sem eru innan 5 km frá eldissvæðum Arctic Sea Farm í Ísafjarðardjúpi. Matvælastofnun veitir rekstrarleyfishöfum heimild til útsetningar seiða skv. 46. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Þá er gert að skilyrði í rekstrarleyfi þessu að undirritað samþykki Hábrúnar ehf. og Háafells ehf. liggja fyrir áður en rekstrarleyfishafi hefur útsetningu seiða á eldissvæðið Arnarnes. Á Kirkjusundi þarf undirritað samþykki Háafells ehf. að liggja fyrir áður en rekstrarleyfishafi hefur útsetningu seiða á eldissvæðið.

Flóki Ásgeirsson, lögfræðingur fyrir hönd Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi sendi inn athugasemdir þann 5. júlí 2023

- Gerð er athugasemd um að í tillögunni er sem fyrr segir gert ráð fyrir allt að 8.000 tonna lífmassa og að eldið fari fram á hafsvæðum sem þar eru nefnd Arnarnes B, Kirkjusund C og Sandeyri F. Af meðferð málsins verður ekki ráðið að fyrir liggja úthlutun ráðherra á hlutaðeigandi hafsvæðum til umsækjanda samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi eða úthlutun heimilda á grundvelli ákvæðis IX. til bráðabirgða. Verður þannig ekki séð að skilyrði séu til starfsemi umsækjanda á þessum hafsvæðum. Áréttað skal í þessu sambandi að fjögur ár eru liðin frá gildistöku breytingarlaga nr. 101/2019 og að ekki eru lagaskilyrði til að umsókn umsækjanda um rekstrarleyfi verði tekin til meðferðar á grundvelli ákvæðis II til bráðabirgða við lög nr. 71/2008, enda uppfyllir hún ekki skilyrði þess ákvæðis. Fyrirliggjandi auglýsing lýtur ekki að breytingu á eldra rekstrarleyfi heldur að nýju leyfi. Frummatsskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar var samkvæmt álitni Skipulagsstofnunar lögð fram 2. apríl 2020, um níu mánuðum eftir gildistöku breytingarlaga nr. 101/2019. Engin skilyrði eru þannig fyrir því að fara með útgáfu rekstrarleyfis í samræmi við auglýsta tillögu samkvæmt eldri ákvæðum laga nr. 71/2008 á grundvelli ákvæðis II til bráðabirgða við þau heldur fer um meðferð og afgreiðslu þess samkvæmt gildandi lögum. Sem fyrr segir verður ekki séð af auglýsingunni að þessum ákvæðum hafi verið fylgt við undirbúning leyfisins. Þannig verður hvorki ráðið að fyrir liggja úthlutun samkvæmt 4. gr. a laganna né samkvæmt ákvæði IX. til bráðabirgða við þau.

Umsækjendur um leyfi skiluðu inn frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunnar fyrir gildistöku breytinga á lögum um fiskeldi, sem gerð voru með lögum nr. 101/2019. Samkvæmt bráðabirgðarákvæði II laga um fiskeldi skal fara um slíkar umsóknir eftir eldri ákvæðum laganna. Matvælastofnun óskaði þann 9. mars 2021 eftir upplýsingum frá Skipulagsstofnun varðandi málsmeðferð matsskýrslna um sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi. Þar kom fram að frummatsskýrsla Arctic Sea Farm ehf., var fyrst lögð fram til Skipulagsstofnunar 7. september 2018 sbr. 9. gr. laga nr. 106/2000. Þá var lagt fram af Arctic Sea Farm ehf., seinni drög að frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar 1. mars 2019. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku frummatsskýrslunnar með ábendingum um úrbætur 26. júní 2019. Samkvæmt framangreindu var frummatsskýrslu skilað fyrir 19. júlí 2019 þ.e. fyrir gildistöku laga nr. 101/2019 og fór því afgreiðslu málsins um rekstrarleyfi eftir bráðabirgðaákvæði II í b-lið 24. gr. laga nr. 101/2019, þ.e. eftir eldri ákvæðum laga nr. 71/2008.

6. Forsendur útgáfu

Með vísan til 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 ber rekstrarleyfishafa ber að tryggja að fjarlægð í fisk ótengdra rekstrarleyfishafa í Ísafjarðardjúpi sé eigi styttri en 5 km. Rekstrarleyfishafa ber að sækja um heimild til Matvælastofnunar til útsetningar seiða í samræmi við 46. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Rekstrarleyfishafa er ekki heimilt að setja út fisk á eldissvæðin Arnarnes og Kirkjuund nema að fyrir liggir undirritaður samstarfssamningur milli rekstrarleyfishafa og annars vegar Hábrúnar ehf. og hins vegar Háafells ehf. sem tryggir samræmdar forvarnir og viðbrögð við sníkjudýrum og sjúkdómum.

Að mati Matvælastofnunar eru skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis til handa Arctic Sea Farm ehf.

7. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Arctic Sea Farm ehf. í Ísafjarðardjúpi. Rekstrarleyfið heimilar 8.000 tonna hámarkslífmassa af laxi og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi, þó má hámarkslífmassi frjós lax aldrei verða meiri en 5.200 tonn. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi á þremur staðsetningum; Sandeyri, Arnarnesi og Kirkjusundi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönfum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis þessa er háð því að leyfi til mannvirkjagerðar sé til staðar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 5.300 tonna rekstrarleyfi Arctic Sea Farm FE-1127 úr gildi. Þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 29. febrúar 2040.

Selfossi, 29. febrúar 2024